

9. gr.

Stjórn skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn: Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna einn aðila hver í stjórn:

- a) Aðstandendur Leons.
- b) Stjórn S.V.F.Í.
- c) Stjórn starfsmannafélags Landhelgisgæslunnar.

Gangi maður úr stjórn, skal sá aðili er tilnefndi hann, tilnefna mann í hans stað.

10. gr.

250 000.00 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — af höfuðstól skal halda óskertum og verðtryggðum, miðað við fjármagnsvisitölu 1. jan. 1974, og skal umreiknast 1. jan. ár hvert. Þegar því hefur verið náð mega úthlutanir hefjast. Stjórnin veitir fé í markmiði sjóðsins að eigin hvötum, eða samkvæmt umsókn. Stjórnin ákveður tíðni og upphæð úthlutana.

11. gr.

Sjóðstjórnin heldur gerðabók um allan rekstur sjóðsins, stjórnarákvarðanir í fjármálum, úthlutanir og hvað eina er varðar sjóðinn.

12. gr.

Sá er nýtur úthlutunar úr sjóðnum, skal afhenda stjórn skýrslu um verkefni það, er unnið var að, þremur mánuðum eftir lok verkefnis. Sjóðstjórn skal heimilt að birta skýrsluna.

13. gr.

Skipulagsskrá þessa má stjórn endurskoða á fjögurra ára fresti, en breytingar skulu hljóta staðfestingu.

14. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu stjórnar S.V.F.Í. sem geymir gerðabækur, annast bókhald og kveður til tvo endurskoðendur, sem sjóðstjórn kys árlega.

15. gr.

Skipulagsskrá þessi skal hljóta staðfestingu forseta Íslands.

Reykjavík, 6. febrúar 1974.

G. Carlsson. E. Carlsson.

SAMÞYKKT**um hundahald á Flateyri.**

1. gr.

Hundahald er bannað á Flateyri.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum

- og skal upphæð þess við það miðuð. Hundar, sem notaðir eru við búrekstur í hreppnum, eru undanþegnir þessu gjaldi.
- c) Skýlt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannaferi, heldur vera í laumi, í fylgd aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir-mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Sé í Önundarfirði starfrækt hundageymsla, skal hundinum komið fyrir þar, sé um minni háttar brot í fyrsta sinn að ræða. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hundinn þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé hundageymsla ekki starfrækt í Önundarfirði eða sé um að ræða alvarlegt brot eða í trekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Flateyrarhrepps, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. febrúar 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið.

Stöðvunarskylda verður við eftirfarandi gatnamót:

- a) Á Hagamel við Hofsvallagötu.
- b) Á Bústaðavegi við Reykjanesbraut.
- c) Á Álfabakka við Reykjanesbraut.
- d) Á Skeiðarvogi við Langholtsveg.

Framangreindar reglur taka gildi 1. mars 1974.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 18. febrúar 1974.

Sigurjón Sigurðsson.